

L Ö G

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 52/1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki minu:

1. gr.

Við IV. kafla laganna (Friðun húsa og annarra mannvirkja) bætist þrjár nýjar greinar, er verði 39., 40. og 41. gr. og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

39. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist húsafriðunarsjóður. Hlutverk hans er að veita styrki til viðhalds og endurbóta húsa, húshluta og annarra mannvirkja, sem að dómi húsafríðunarnefndar hafa menningarsögulegt gildi, og stuðla að friðun húsa.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið einhverjum ríkisbankanna.

40. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs.
2. árlegt framlag sveitarfélaga.
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á ári hverju 20 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 20 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingavísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

41. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m. a. kveðið á um skyldur þeirra, sem fjárframlög fá úr sjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 26. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.